



# FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

## REYNIR

### INNGANGUR

Reynir (*Sorbus aucuparia*) er innlend trjátegunð, sem vex víða um land. Hann myndar ekki samfellda skóga heldur kemur fyrir sem stakstætt tré í birkiskógunum. Reyniviður hefir einnig verið fluttur inn frá Evrópu til notkunar í garð- og skógrækt. Til aðgreiningar frá öðrum tegundum reyniættkvíslarinnar er hann af sumum kallaður ilmreynir.



Reynirinn er frekar skammlíf trjátegunð og er algengt að hann verði 100-150 ára. Hann er fremur lítið til miðlungsstórt tré, en hæsti ilmreynir hér er nú um 15 m hár.

## RÆKTUN



Reynir er frekar harðgerð trjátegund, sem má rækta um allt land. Hann þarf fremur frjósaman og vel ræstan jarðveg. Því er mikilvægt að losa vel um jarðveginn og bæta hann með lífrænum áburði við gróðursetningu. Í æsku er hann hraðvaxta og er til bóta að binda við hann stoð í uppvextinum til stuðnings. Reynir er í meðallagi seltu- og vindþolinn.



Reynir er ljóselsk trjátegund, sem þarf töluvert rými þegar frá líður. Nauðsynlegt er að tryggja honum nægilegt vaxtarrými til þess að hann geti breitt úr falletgri krónunni. Upp með stofni hans koma oft stofnskot. Þau er sjálfsgat að klippa burt.

Reyniáta er sveppasjúkdómur er herjar á reyni um allt land, en þó meira áberandi nærri ströndinni. Átan er yfirleitt fylgifiskur þess að reynirinn er farinn að eldast, stendur of þétt eða er af einhverjum orsökum krankur. Til að hindra framgang reyniáttunnar þarf að gæta þess að reynirinn standi ekki of þétt og sé haldið í góðri rækt með reglulegri áburðargjöf.

# FJÖLGUN

Reynivið er auðveldast að fjölga af fræi. Þegar berin eru orðin rauð eru þau tínd. Hægt er að þurrka þau og sá að vori eða merja sundur og sá strax.




Ber tínd að hausti




## Leið A




'Berin eru þurrkuð og geymd, á svölum stað yfir veturinn



Að vori er berjunum sáð



Þegar berin eru þurrkuð og geymd spírar vanalega mjög litill hluti fræsins fyrsta sumarið




Á öðru sumri spírar afgangurinn af fræinu. Plöntunum má síðan prikla úr sáðbakkanum í stærra ræktunarlát eða beð

## Leið B



Að lokinni tínslu eru berin maukuð



Berjamaukið er sett um hausti á sáðbakkann og hann geymdur úti. Þess þarf að gæta að fuglar og mýs komist ekki í hann



Fræið spírar strax fyrsta sumar og upp vaxa plöntur. Að ári má svo prikla þeim í stærra llat eða beð

## NOTKUN

Reynir er yfirleitt notaður sem stakstætt tré líkt og hann vex yfirleitt í náttúrunni, frekar en til samfelldrar skógræktar.



Reyniber má nota til sultugerðar. Mikilvægt er



að berin séu búin að frjósa áður en þau eru tínd, því þá minnkar í þeim beiskjan. Sultun þeirra er framkvæmd á sama hátt og með önnur ber.



Reyniber þykja gefa sérstaklega gott bragð í snaps. Einfaldast er að tína berin eftir að þau hafa frosið, leggja þau í vínanda í hlutföllunum 1:1 í 2 mánuði, pressa þau síðan og sía frá, bæta við sykri og láta þroskast í 1 mánuð til.

Viður reynisins er ljósbrúnn, allharður með fallettri áferð. Þykir hann sérlega hentugur til ýmiskonar smíða og handverks.



Reynir er afar fallett garðtré



Hvit blóm að sumri



Rauð ber og haustlitir

Verið velkomin í **VÍB**  
Kirkjusandi. Sími 560-8900, 800-4-800

Höfundur: Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon. Umsjón: Prentsmiðjan Víðey ehf.

Forsíða: Seyðisfjarðarkirkja er sýnd til viðmiðunar; en hæsti reyniviður landsins er um 15m hár.